

NORDPLUS

The Big Blue Marble in Space

Í Varmárskóla, skólaárið 2012-2013 er boðið upp á valáfanga sem er samstarfsverkefni fjögurra landa; Íslands, Svíþjóðar, Lettlands og Litháen. Alls taka 30 nemendur frá Varmárskóla þátt í verkefninu og 4 kennarar, Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir, Kristjana Hafliðadóttir, Thelma Hermannsdóttir og Hanna María Helgadóttir.



Tilgangur verkefnisins er að gera nemendur meira meðvitaða um umhverfi sitt og að þær ákvarðanir sem þeir taka, geta haft áhrif á umhverfið bæði í dag og í framtíðinni.

Verkefnið, *The big blue marble in space* tekur á fjórum þáttum, vatni, fæðu, orku og lofti. Fyrir fyrstu heimsókn verða allar þátttökupjóðir að leggja fram hugmynd að merki (Logoi) verkefnisins og verður valið úr merkjunum í Malmö í Svíþjóð.

Mikið er lagt upp úr miðlun í þessu verkefni, nemendur kynna verkefnið innan skólans og á öðrum vettvangi svo sem í bæjarblaði og öðrum skólum. Í ferðunum gista nemendur á heimilum þeirra sem taka þátt í verkefninu og endurgjalda svo gistinguna í vor þegar við tökum á móti hópnum á Íslandi. Nemendur læra því um menningu og lífsstíl annarra landa, auk þess fara samskipti fram á ensku.

